



Íþróttar- og tómstundastarf í Ísafjarðarbæ sumarið 2014

Upplýsingar fyrir börn og fullorðna

BÍ88

BÍ88 verður með 13 flokka í gangi sumarið 2014, frá meistaraflokki karla og kvenna niður í 8. flokk stráka og stelpna. Meistaraflokkar karla og kvenna munu æfa á fullu sem fyrr enda bæði lið í 1. deild Íslandsmótsins.



2.-5. flokkar karla og kvenna verða á 3-4 æfingum í viku. Æfingar í 8. flokki eru aðeins öðruvísi, en 8. flokkur æfir tvisvar í viku. 8. flokkurinn er ætlaður krökkum sem eru á næstsíðasta og síðasta ári í leikskóla og er þar lögð áhersla á hreyfifroska og almenna líkamsrækt

en þó mest rækt lögð við boltaleiki. Allir flokkar munu taka þátt í mótum þetta sumarið, hvort sem um er að ræða innan-

félagsmót eða stærri mót, og verður nákvæmt yfirlit yfir þau á heimasíðu félagsins. Upplýsingar um æfingar og annað starf félagsins verður að finna á heimasíðu þess, www.hsv.is/bi.


Stefnir á Suðureyri

Sumarstarf Stefnis verður með hefðbundnum hætti í sumar og boðið verður upp á skemmtileg námskeið. Sundnámskeið verður í Suðureyrarlag í júní fyrir 4 - 12 ára börn. Þjálfari verður Stella Hjaltadóttir. Leikjanámskeið verður haldið í júní fyrir 7 - 14 ára börn. Þjálfari verður Stella Hjaltadóttir.

Boðið verður upp á útifótbolta tvisvar í viku í sumar fyrir börn og unglinga. Þessir tímar verða auglýstir betur þegar nær dregur. Umsjón með þessum



tímum hefur Dominik Bochra. Við ætlum að bjóða upp á útiblakæfingar í sumar, en mikill áhugi er á blaki hjá krökkum í Súgandafirði. Þorgerður



SAFNAHÚSIÐ EYRARTÚNI

GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ

ÍSAFJÖRÐUR CULTURE HOUSE

OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 13.00 - 18.00
LAUGARDAGA
KL. 13.00 - 16.00

OPEN
MONDAY - FRIDAY 13.00 - 18.00
SATURDAY 13.00 - 16.00

BÓKASAFN - LIBRARY - LISTASAFN - ART COLLECTION
LJÓSMYNDASAFN - PHOTO COLLECTION - SKJALASAFN
ARCHIVES - NETAÐGANGUR - INTERNET ACCESS

facebook

www.safnls.is

Karlsdóttir hefur umsjón með þessum tímum.

Í sumar verðum við með leikjakvöld einu sinni í mánuði. Farið verður í gömlu góðu leikina og er hugmyndin að foreldrar kenni börnum sínum þá leiki sem þeir fóru í þegar þeir voru börn.

Stefnt er að því að bjóða upp á gönguferð fyrir börn og foreldra í júní og verður það auglýst nánar þegar nær dregur.

Allar nánari tímasetningar og verð á námskeiðin verða auglýst í fréttabréfi Stefnis. Skráning verður hjá Þorgerði (899-9562) og Svövu Rán (895-1780).

KFÍ

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar heldur sínar árlegu körfuboltabúðir dagana 3.-8. júní en þær eru ætlaðar vöskum krökkum á aldrinum 10-18 ára. Þetta er sjötta árið sem búðirnar fara fram og þær sækja krakkar allstaðar að af landinu. Þjálfarar koma víða að og



eru allir í fremstu röð. Upplýsingar er að finna á www.kfi.is en skráning fer fram á kfibudir@gmail.com.

KFÍ býður einnig upp á körfuboltaæfingar í júlí og ágúst fyrir börn fædd 2003 og fyrr. Þjálfari verður Birgir Örn Birgisson. Æft verður á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17 í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði. Sumaræfingarnar hefjast þriðjudaginn 1. júlí og eru þær opnar öllum áhugasömum. Æfingagjaldið er 4.000 krónur á mánuði. Frekari upplýsingar má nálgast á bil@snerpa.is.

Golfklúbbur Ísafjarðar

Barna- og unglingastarf hjá GÍ verður í sumar með sama hætti og undanfarin ár. Þjálfunin verður í umsjón Golfklúbbsins. Heildarverð fyrir júní, júlí og ágúst er kr. 12.000, innifalið í því verði er félagsgjald í GÍ kr. 4.000. Skráning á gi@snerpa.is og í golfskálanum.

Æfingar eru á mánudögum og miðvikudögum:

7-12 ára	kl.13:00 - 14:30
13 ára og eldri	kl.14:30- 16:00

Sæfari

Siglinga- og útivistarnámskeið á vegum Sæfara, fyrir krakka á aldrinum 9 - 13 ára (fædd 2001 - 2005) verða í sumar og verða alls sex námskeið.

Námskeiðin verða 10.- 16. júní (hefst á þriðjudegi og endar á mánudegi), 23.- 27. júní, 30. júní - 4. júlí, 7. - 11. júlí, 14. - 18. júlí og 21. - 25. júlí. Námskeiðin eru frá klukkan 8.00 -



13.00. Umsjónarmaður með námskeiðunum er Guðrún Jónsdóttir og er þátttökugjald 16.000. Hægt er að skrá krakkana á netfangið snerpa.is eða í síma 863-1649.

Þríbraut Vasa

Þríbraut Vasa2000 fer fram laugardaginn 6. september. Keppnin hefst með 700m sundi í sundlauginni í Bolungarvík, síðan er hjóluð um 15 km leið til Ísafjarðar þar sem mótinu lýkur með 7 km hlaupi. Auk einstaklingskeppni er boðið upp á liðakeppni þar sem þrír einstaklingar skipta þrautinni á milli sín. Nánari upplýsingar á <http://tri-vest.blogspot.com/>.

Íþrótt- og leikjanámskeið HSV

Í júní verður íþrótt- og leikjanámskeið fyrir börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk í grunnskóla. Námskeiðið er alla virka daga frá kl. 9-12 en mögulegt er að fá gæslu frá kl.8:30. Fyrsta námskeiðið hefst mánudaginn 2.júní og þá viku verður það á mánudegi og þriðjudegi frá kl.13-16 en aðra daga frá kl. 9-12. Hvert námskeið stendur í eina viku, 4 námskeið í júní. Leikjanámskeiðið verður með fjölbreyttu sniði, farið verður í leiki, fjöruferðir,



hjólaferðir, fjallgöngur, sund, ýmsar íþróttagreinar reyndar og margt fleira. Nesti verður tekið um miðjan morgun og koma allir með hollt og gott nesti að heiman. Nánari upplýsingar veitir Salóme Elín Ingólfsdóttir í síma 896-4668 eða í gegnum netfangið ithrottaskoli@hsv.is. Frekari upplýsingar um leikjanámskeiðið er hægt

að nálgast á heimasíðunni www.hsv.is/ithrottaskoli og á facebook-síðunni „Íþróttaskóli HSV“.

Fimleikanámskeið Ásdísar

Ásdís Guðmundsdóttir fimleikapjálfari úr Gerplu verður með fimleikanámskeið



fyrir spræka krakka á aldrinum 6-9 ára og 10-12 ára á Ísafirði í sumar. Krakkararnir fá kennslu í grunnæfingum almennra fimleika og lögð verður áhersla á að einstaklingsmiða kennsluna svo að hvert barn fái að njóta sín sem best og eru því einungis fá pláss í boði á hverju námskeiði. Hvert námskeið er 3 dagar og í boði eru 5 vikur. Kennt er á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

Námskeið 1: 10., 11. og 12. júní
Námskeið 2: 17., 18. og 19. júní
Námskeið 3: 24., 25. og 26. júní
Námskeið 4: 5., 6. og 7. ágúst
Námskeið 5: 12., 13. og 14. ágúst

Yngri hópurinn æfir frá kl 13-14 og kostar námskeiðið 4000 kr.

Eldri hópurinn æfir 14:15-15:45 og kostar námskeiðið 5.500 kr.

Skráning fer fram í gegnum netfangið fimleikanamskeid@gmail.com.

Ásdís er þjálfari núverandi norðurlandameistara Gerplu og sjúkrþjálfari landsliða kvenna í hópþímleikum sem keppir á Evrópumótinu 2014. Hún hefur 12 ára reynslu af þjálfun áhaldafimleika, meistaraflokka og grunnflokka auk þess sem hún er sjálf margfaldur Íslandsmeistari og tvöfaldur Evrópumeistari í hópþímleikum með liði Gerplu.

Riddarar Rósu

Æfingar hjá Riddurum Rósu eru fyrir alla sem vilja kynnast hinni frábæru hlaupaíþrótt. Við hittumst við íþróttahúsið á Torfnesi á mánudögum og fimmtudögum klukkan 18.15 og á laugardögum klukkan 9.30. Hópnum er skipt í þrennt eftir getu þannig að allir ættu að finna sinn stað á æfingunum. Martha Ernsts dóttir sendir hópnum prógramm sem reyndir hlauparar fara í gegnum og aðstoða þá sem eru nýir.

Sumargjaldið hjá okkur er aðeins 9.000 kr. og er tímabilið til 1. nóvember.

Nánari upplýsingar eru á facebook. [com/RiddararRosulsafirdi](https://www.facebook.com/RiddararRosulsafirdi) en einnig

er hægt að fá upplýsingar á hagu@centrum.is.

Riddarar sjá einnig um Hlaupahátíð á Vestfjörðum sem verður haldin 18-20 júlí n.k. en allar upplýsingar um hana eru á hlaupahatid.is Hvetjum alla til að mæta og taka þátt í skemmtilegum félagsskap.

Sumarnámskeið í LRÓ

Seinni hluta júnímánaðar verður myndlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 10 - 15 ára á vegum Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði. Farið verður í teikningu (kol, blýantur og penni) og málun (akrýl og vatnslitir). Kennt verður dagana 16.-27. júní þrisvar í viku; mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, 2 klst. í senn. Kennari er Solveig Edda Vilhjálmisdóttir myndlistarkona. Verð kr. 18.000. Skráning í síma 456-5444 og á heimasíðu Edinborgarhússins, www.edinborg.is.

Rauði krossinn

Rauði krossinn á norðanverðum Vestfjörðum heldur námskeiðið Mannúð og menning/gleðidagar. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 7-10 ára. Á námskeiðinu er lögð áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Börnin fá einnig innsýn í skyndihjálp,

fjölmenningu og umhverfisvernd. Eldri borgarar koma í heimsókn og farið verður í útileiki og vettvangsferðir. Boðið er upp á tvö tímabil:

30. júní til 4. júlí frá kl 10.00 - 16.00
7. júlí til 11. júlí frá kl 10.00 - 16.00
í Barnaskólanum í Hnífsdal.

Námskeiðsgjald er 1.500 kr og þátttakendur þurfa að hafa með sér nesti. Umsjónarmaður: Margrét Heiða Magnúsdóttir, nemi í tómstunda og félagsmálafræði við HÍ. Skráning á netfangið mhm5@hi.is eða í síma 847-8424.

Bókasafnið

Bókasafnið býður upp á sumarlestur fyrir börn á grunnskólaaldri 2. júní - 23. ágúst. Sumarlesturinn hefur það að markmiði að auka lestrarfærni barna auk þess að minna á allar skemmtilegu bækurnar sem hægt er að lesa í sumarfríinu. Börnin skrá sig á safninu og eignast þá bókaskrá sem þau skrifa í þegar þau eru búin að lesa bók frá safninu. Þegar bók er skilað fæst miði til að setja í lukkupottinn. Dregið er úr lukkupottinum á uppskeruhátíð í lok sumars.

Bókasafnið verður einnig með sumarlestur fyrir fullorðna á sama tíma. Fullorðna fólkið þarf ekkert að skrá sig en setur miða í lukkupottinn um leið og bókum er skilað. Nýjar kiljur fást í vinning.

Sundlaugar Ísafjarðarbæjar

ÍSAFJÖRDUR:

Virkir dagar	10.00-21.00
Helgar	10.00-17.00

SUÐUREYRI:

Alla daga	11.00-20.00
-----------	-------------

PINGEYRI:

Virkir dagar	08.00-21.00
Helgar	10.00-18.00

FLATEYRI:

Virkir dagar	10.00-20.00
Helgar	11.00-17.00

VERÐ:

Fullorðnir:

Stakur miði	550
10 miða kort	4.400
30 miða kort	10.100
Árskort	16.000

Börn 6-18 ára og aldraðir/öryrkjar:

Stakur miði	280
10 miða kort	2.200
30 miða kort	5.100
Árskort	3.000

Hægt er að fá leigðan sundfatnað og handklæði.



Smíðavöllur

Líkt og síðustu sumur verður starfræktur smíðavöllur á Ísafirði. Stefnt er að því að byggðin verði á Suðurtanga í sumar. Vestfirskir verktakar og Flytjandi styðja verkefnið eins og síðustu sumur en gott væri að vita af því ef einhver á afgangs timbur sem viðkomandi væri tilbúinn að láta í verkefnið. Hægt er að hafa samband við Vinnuskólann í síma 450-8051.

Svæðið verður opið frá 18. júní til 18. júlí. Krakkarnir verða að hafa með sér hamar og góða skapið. Vinnuskólinn hefur eftirlit með smíðavellinum frá kl. 9-14 alla virka daga og saga og aðstoða við það sem þarf. Við treystum svo á eftirlit alls samfélagsins á



öðrum tímum. Það skal tekið fram að krakkarnir eru ekki á ábyrgð unglinganna í Vinnuskólanum.

Vinnuskólinn

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar verður starfræktur í sumar í tveimur deildum, á Ísafirði og á Pingeyri. Yfirstjórn hans verður að Austurvegi 9 á Ísafirði og yfirflokkestjóri er Eva María Einarsdóttir. Flestir stíga sín fyrstu skref á



vinnumarkaðnum í Vinnuskólanum. Foreldrar, starfsmenn og aðrir þurfa að bera virðingu fyrir þessari vinnu og því sem þar fer fram. Enginn fæðist sérfræðingur, en markmið okkar allra er að undirbúa börnin til þátttöku í atvinnulífinu. Hægt er að fá Vinnuskólann til að sinna almennri garðavinnu og slætti gegn gjaldi og er best að snúa sér til yfirflokkestjóra í síma 450-8051 eða í gegnum netfangið vinnuskoli@isafjordur.is til þess að óska eftir þjónustu.

Allir með strætó

Strætisvagnar Ísafjarðarbæjar verða á ferðinni mánudaga t.o.m. föstudaga í allt sumar.

Verð í vagnana eru eftirfarandi: Fullorðnir: 350 kr., elli- og örorkulífeyrisþegar: 210 kr. Börn á grunnskólaaldri eru undanþegin greiðslu. 25 miða afsláttarkort eru seld um borð í vögnunum og á skrifstofu Ísafjarðarbæjar. Þau kosta: Fullorðnir: 6.550 kr., elli- og örorkulífeyrisþegar: 3.950 kr.

Ísafjörður - Suðureyri

Ísafjörður- Suðureyri:	Suðureyri- Ísafjörður:
06.30	07.25
15.10	15.45
17.10	17.35

Miðbær - Holtahverfi

Miðbær- Holtahverfi:	Holtahverfi- Miðbær:
11.00	07.20
14.10	07.40
15.10	14.20
16.05	16.10
16.45	16.55
17.10	
18.00	

Þingeyri - Ísafjörður

Þingeyri- (Flateyri)- Ísafjörður	Ísafjörður- (Flateyri)- Þingeyri
07.00	11.00
12.30	15.05
16.10	18.00

Flateyri - Ísafjörður

Flateyri- Ísafjörður:	Ísafjörður- Flateyri:
07.25	11.00
13.00	15.05
16.40	18.00

Miðbær - Hnífsdalur

Ísafjörður- Hnífsdalur:	Hnífsdalur- Ísafjörður:
07.30	07.40
14.10	14.20
14.40	14.50
16.25	16.35
18.00	18.15

Viðburðir í bænum í sumar

Eins og venjulega verða nokkrar bæjarhátíðir og íþróttamót haldin í Ísafjarðarbæ í sumar. Hér verður greint frá þeim helstu:

4.-6. júní: NAFA kvikmyndahátíð á Ísafirði.

17. júní: Þjóðhátíðarsamkoma á Hrafnseyri.

17. júní: Þjóðhátíðarasamkoma á Ísafirði og viðburðir víðar í sveitarfélaginu. Nánar auglýst síðar.



3.-6. júlí: Dýrafjarðardagar Hátíð með víkingablæ.

10.-13. júlí: Sæluhelgin á Suðureyri Ein elsta bæjarhátíð landsins, Sæluhelgin á Suðureyri, er hátíð fyrir alla fjölskylduna.

11.-12. júlí: Stóra púkamótið Knattspyrnumót fyrir proskaða leikmenn.

18.-20. júlí: Hlaupahátíð í Ísafjarðarbæ; Óslíðarhlaupið, Vesturgatan, skemmtiskokk og Svalvogahjólreiðar.



18.-19. júlí: Félagsmót Storms Gæðingakeppni, kappreiðar og útreiðartúr.

1.-3. ágúst: Mýraboltinn Evrópumeistaramót í mýrabolta.

2. ágúst: Sandkastalakeppni Sandkastalakeppni í Önundarfirði.

7.-10. ágúst: Act alone Leiklistarhátíð á Suðureyri. Fjöl- margir áhugaverðir einleikir í boði.

6. september: Þríbraut Vasa2000 Þríbrautarmót Vasa2000 hópsins. Sund, hjólreiðar og hlaup.



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

Á skólatíma

(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20

13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Á sumrin

(1. maí til 1. september)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22

13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 24

Foreldrar og forráðamenn hafa fullan rétt til að stytta þessa tíma. Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum og mega börn ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.